

DV

Sviðsljós

Í hringiðu helgarinnar



Sportkafarafélag Íslands bauð almenningi að kynnst köfun í Sundhöll Reykjavíkur um helgina. Fólki gafst kostur á að kafa í 20 mínútur í dýpri enda laugarinnar. Að sögn aðstandenda félagsins komu um 100 manns í Sundhöllina til að kynnst þessu spennandi sporti.



Alþjóðleg danskeppni var haldin í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði um helgina. Mótið heitir The Viking open Hafnarfjörður og voru keppendur u.þ.b. 180 í nærri þrjátíu flokkum. Dansararnir voru frá 6 ára upp í fertugt og komu úr flestum dansskólum landsins. Þessir snjöllu dansarar kepptu í flokki 16 ára og eldri.



Þessir kafarar voru ánægðir með lífið á laugardaginn þegar Sportkafarafélag Íslands bauð almenningi upp á að kafa í Sundhöll Reykjavíkur. Hver maður kafaði í 20 mínútur og voru það alls um 80 manns sem komu til að prófa. Sportkafarafélagið hafði einnig opið hús í félagsheimili sínu við Nauthólsvík á laugardaginn þar sem starfsemi félagsins var kynnt almenningi.



Ásgerður Búadóttir opnaði sýningu á verkum sínum í Listasafni Íslands um síðustu helgi. Sýningin er önnur í röð nýrrar sýningaraðar um starfandi íslenska listamenn. Ásgerður hefur að verðleikum hlotið mikið lof fyrir myndvefnað sinn og verið í fremstu röð á því sviði. Með Ásgerði á myndinni eru eiginmaður hennar Björn TH. Björnsson listfræðingur, Árni Björnsson læknir og Jóhannes Nordal, fyrverandi seðlabankastjóri.

Bridge

Bridgefélag Reykjavíkur

Miðvikudaginn 26. október var spilið þriðja umferðin í hraðsveitakeppni félagsins og hæsta skori í A-riðli náðu eftirtaldir sveitir:

1. Gylfi Baldursson 571
2. Tryggingamiðstöðin 567
3. Sigmundur Stefánsson 542
4. Georg Sverrisson 538

– og hæsta skori í B-riðlinum náðu eftirtaldir sveitir:

1. Gísli Hafliðason 585
2. Hjálmar S. Pálsson 556
3. Ragnar T. Jónasson 537

3. Dröfn Guðmundsdóttir 537
3. María Haraldsdóttir 537
- heildarstaða efstu sveita er þá þannig:

1. Landsbréf 1689
2. Tryggingamiðstöðin 1677
3. Gylfi Baldursson 1670
4. Glitnir 1658
5. Georg Sverrisson 1587
6. Sigmundur Stefánsson 1584
6. Gísli Hafliðason 1584

Næsta miðvikudag verður spilið fjórða og síðasta umferðin í keppni

inni og verður sveitum raðað í riðla eftir stöðu, þannig að efstu 15 sveitirnar spila í A-riðli en hinar í B-riðli.

TEIKNISAMKEPPNI

leitinn að
JÓLAKORTI


DV efnir til teiknisamkeppni meðal krakka á grunnskólaaldri. Viðfangsefnið er jólakort DV og þurfa innsendar myndir því að vera í lit og tengjast jölunum. Vinningsmyndin verður notuð sem jólakort DV 1994.

Glæsileg verðlaun í boði fyrir jólakort DV:

- **Fyrstu verðlaun:** NESCO PRCD-700 ferðatæki með geislaspilara, fjarstýringu, FM og LW útvarpi, tónjafnara og tvöföldu segulbandstæki frá *Sjónvarpsmiðstöðinni* að verðmæti **kr. 18.778.-**



- **Önnur verðlaun:** Gjafabréf að verðmæti **kr. 7.500.-** frá bókabúðinni *Kilju*, Háaleitisbraut.
- **Þriðju verðlaun:** Gjafabréf að verðmæti **kr. 5.000.-** frá bókabúðinni *Kilju*, Háaleitisbraut.

Skilafrestur er til föstudagsins 11. nóvember nk.

Utanáskriftin er:

DV–Jólaort–Þverholti 11–105 Reykjavík

TEIKNISAMKEPPNI

Til sölu úr þrotabúi Hagvirkis-Kletts hf.

Til sölu úr þrotabúi Hagvirkis-Kletts hf. ýmsar vélar, bifreiðar, verkfæri o.fl. Sala á nefndum eignum fer fram að Skútuvogi 2, kjallara, fimmtudaginn 3. nóvember, föstudaginn 4. nóvember og laugardaginn 5. nóvember nk. kl. 10–17 alla dagana.

Allar sölur miðast við staðgreiðslu og núverandi ástand hins selda. Engin ábyrgð tekin á hinu selda af hálfu þrotabúsins.

Skiptastjórar

Original **BEAVER NYLON** útigallar með PVC gúmmí á bakhluta, skálmum og ermum, laust fóður,

st. 98–150 cm. Verð kr. 6.290,-

Rúllukraga- st. 90–120 cm. Verð kr. 790,-

bolir st. 125–173 cm. Verð kr. 990,-

10% afmælisafsláttur 1.–5. nóvember '94

Stjörnur
Barnafataverslun
Laugavegi 89 • Reykjavík • Sími 10610


VIRKA

Kápuefni – þrjónaefni

Nýkomin: þrjónaefni, gróf og þykk, í vestispeysur o.fl. Gífurlegt úrval. Ullarefni í kápur og jakka, kasmír, o.fl.

Nýir litir og munstur, mikið úrval.

Opið mánudaga til föstudaga kl. 9–18, á laugardögum frá 1. sept. til 1. júní kl. 10–14.


VIRKA

Mörkinni 3, sími 687477
(við Suðurlandsbraut)

TÆKNI

AUKABLAÐ UM
TÆKNI

Miðvikudaginn 9. nóvember mun aukablað um tækni fylgja DV. Blaðið verður fjölbreytt og efnismikið en í því verður fjallað um fjölmargt sem viðkemur tækni til nota á heimilum og víðar.

Í blaðinu verður fjallað um sjónvörp, myndbands-tæki, myndavélar, síma- og faxtæki, vakt- og þjófavarnakerfi fyrir heimili, auk ýmissar hagnýtrar tækni sem nýst getur á heimili og vinnustað.

Þeir sem vilja koma á framfæri nýjungum og efni í blaðið er bent á að senda upplýsingar til ritstjórnar DV, Hauks Lárusar Haukssonar, fyrir 1. nóv.

Þeir auglýsendur, sem hafa áhuga á að auglýsa í þessu aukablaði, vinsamlega hafi samband við Friðu Lúðvíksdóttur, auglýsingadeild DV, hið fyrsta, í síma 63 27 21.

Vinsamlegast athugið að síðasti skiladagur auglýsinga er fimmtudagurinn 3. nóvember.

Ath.! Bréfasími okkar er 63 27 27.

